

KJARVAL

50% afsláttur
Móa kjúklingur ferskur 1/1
350 KR. KG.

BÚRFELL
Grillborgarar
399 KR. PK.
Búrfells grillborgarar 4 stk

20% afsláttur
SS Kryddlegnar reyktar grisakótelettur
1.358 KR. KG.

30% afsláttur
Móa kjúklinga-læri Sole Mio
788 KR. KG.

30% afsláttur
Móa rauðvins kjúki læri/legg
393 KR. KG.

15% afsláttur
Hrefnukjöt kryddlegið
1.188 KR. KG.

30% afsláttur
SS hanglágleg 2x8 sneiðar
89 KR. STK.

10% afsláttur
Skýr
KEA skýr 200 g.
149 KR. PK.

200 GRÖMM
Dorritos Nachos 3 teg.
149 KR. PK.

2 lítrar
Pepsi eða Pepsi Light
89 KR. STK.

30% afsláttur
Skonsur
79 KR. PK.

Stærri og þykkari
Quilted Towels
Shop Rite eldhúsrúllur
399 KR. PK.

99 KR. KG.
Bökunarkartöflur í lausu

129 KR. KG.
Perur

369 KR. PK.
Ballerina mini muffins

159 KR. PK.
Kleinur

- Sumartilboð Kjarvals -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Lagið um það sem er bannað

Það má ekki pissa bakvið hurð og ekki henda grjóti oní skurð ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó og ekki nota skrufjárn fyrir sleikjó

Það má ekki vaða út í sjó og ekki fylla húfuna af snjó ekki tína blómin sem eru út í beði og ekki segja ráddi heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrytið það er alltaf að skamma mann þó maður geri ekki neitt það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall og ekki gefa ketti drullumall og ekki skjóta pabba með byssunni hennar ömmu og ekki tína orma handa mömmu

Það má ekki hjóla inn í búð og ekki gefa litla bróður snúð ekki fara að hlæja þó einhver sé að detta - ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fullorðna fólk er svo skrytið það er alltaf að skamma mann þó maður geri ekki neitt það er alltaf að skamma mann.

Sveinbjörn I. Baldvinsson

Ball

á Halldórskafti í Vík
laugardagskvöldið 30. júní



Hljómsveitin Æði mun halda uppi fjöri

Aldurstakmark 20 ár
inngangseyrir kr. eitt þúsund eftir kl. 23:00



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar fimmtudaginn 28. júní 2007 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri

23. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 27. júní 2007



Hestamannafélagið Sindri auglýsir.

**Hestaping Sindra
Á Sindravelli við Pétursey.
laugardaginn 30. júní og sunnudaginn 1. júlí 2007.**

Laugardagur 30. júní. Kl: 14

Forkeppni í: polla, barna, unglunga, ungmenna flokki, A- og B- flokki gæðinga.

Athugið að keppnisröð verður samkvæmt mótsskrá.

Kl: 19:00

Töltkeppni sem opin er öllum. Keppt verður til úrslita.

1. verðlaun eru 50.000. skráningargjald er 2500 kr.

Eftir töltkeppnina fer fram keppni í 100 m skeiði með fljótandi starti.

Sunnudagur 1. júlí. Kl: 11.00

Hefjast úrslit í polla, barna, unglunga og ungmennaflokkum.

Kl: 13:00 Hópreið og mótssætning

Kl: 13:30 Úrslit í B- og A- flokki gæðinga.

Kl: 15:00 Kappreiðar opnar öllum.

150 m skeið 1. verðlaun 25.000 kr. Skráningargjald 2500 kr.
300 m brokk 300 m stökk 250 m skeið.

Skráningar hjá:

Petru í síma 487-1322 og 866-0786

netfang: solheimar2@simnet.is

Siggu Lóu í síma 487-8959 og 898-3541

Vilborg Smáradóttir í síma 867-1486

Síðasti skráningardagur er fimmtudagur 28. júní 2007

*Hinn árlegi föstudagsreiðtúr verður farinn á föstudeginum 29/6 frá
Sindravelli kl 22:00 að staðartíma.*

Mætum nú öll og ríðum inn í sólarlagið.



Frá leikskólanum Suður - Vík.

Starfsmaður óskast til afleysinga
við Leikskólann Suður-Vík frá 7. ágúst n.k.
Um er að ræða 100% stöðu við kennslu
eldri barna um óákveðinn tíma.

Einnig er laus til umsóknar 50% staða deildarstjóra á deild yngri
barna vegna fæðingarorlofs frá 1. september.

Nánari upplýsingar hjá Aðalheiði á leikskólanum,
sími 487-1241 og 899 9607 eða
hjá Helgu á skrifstofu Mýrdalshrepps, sími 487-1210

Leikskólastjóri

Garðeigendur athugið

sumarblóm í úrvali, skjólbeltaplöntur, tré og runnar

Hagstætt verð

Garðþjónusta Gylfa
Kirkjulækjarkoti Fljótshlíð
sími 692 5671 487 8162



Verið Velkomin
visa euro



Íþróttar- og Leikjafélagið

Tími	Mán. 2. júlí	Þri. 3. júlí	Mið 4. júlí	Fim. 5. júlí	Fös. 6. júlí
10:00-12:30	Kynning leikir í íþróttamiðstöðinni Sjáumst.	Sundfjör og Ævintýrastöðvar	Prautarbraut Leiki	Gönguferð og fjársjóðsleitt	Sundfjör og Ævintýrastöðvar
12:30	Hádegisnesti / hvíld	Hádegisnesti / hvíld	Hádegisnesti / hvíld	Hádegisnesti / hvíld	Hádegisnesti / hvíld
13:30-15:00	Smíði og Leikir	Myndlist og frjáls leikur	Frjálsar íþróttir og Andlitsmáling	BÍÓ	Snú-snú, ein króna, pokahlaup, París ofl.
				Popp og djús	

Umf. Drangur og Dyrhólaey

halda íþróttar- og leikjafélagið fyrir börn fædd 1998 - 2002 vikuna 2.-6. júlí, alla dagana frá kl. 10:00 til 15:00. Þátttakendur mæta stundvíslega kl. 10:00 í íþróttamiðstöðina. Verð: 7500 kr., systkinaafsláttur: 3000 kr. Kennarar í námskeiðinu eru: Kristín Marti, Halla Ólafsdóttir og Victor Berg. Munið að skrá þátttakendur hjá Kristínu, S. 893 9170 eða senda tölvupóst á netfangið marti@aknet.is Allar upplýsingar og dagskrá má finna á heimasíðu Umf. Drangs og Dyrhólaeyjar: <http://umf.vik.is> Við viljum minna foreldra á að senda börnin með regniföt, vettlinga, húfu, sundföt og hollt hádegisnesti. Mikilvægt er að mæta á réttum tíma því dagskráin hefst tímanlega. Látið okkur vita ef barnið þetta er veikt eða þarf að fara áður en dagskrá lýkur. Dagskráin hjá okkur gæti breyst eftir því hvernig veðrið verður.

Frá Golfklúbbnum í Vík

Mótaröð

Úrtökumót fyrir 4. deildarkeppni karla í ágúst verður á miðvikudagskvöldum sem hér segir:
27. júní, 4. 11. 18. 25. og 30. júlí
kl. 18:00



Skráning á staðnum
Golfkennari

Golfkennari verður með hóp- og einstaklingstíma 8. júlí
skráning hjá Þrání S: 861 1779 eða á golf@vik.is

Verum létt í sveiflunni í sumar

ÁSTAGALDUR

Nálægt 1820 voru á bæ einum í Eyjafirði unglingsmenn tveir að læra galdur. Eitt kvöld í rökkrinu kemur annar þeirra inn, gengur að stúlku sem þar er og kyssir hana rembingsskoss. Henni kom þetta nokkuð undarlega fyrir, einkum þar henni heyrðist eitthvað hringla uppi í manninum, og þykist líka finna einhverja breyting á sjálfri sér.

Harkar hún sig þá upp og segir: "Sé hér nokkuð verið að bekkjast við mig, skal það lenda á gimbrinni á gólfinu;" því þar var bæði lambhrútur og lambgimbur.

Brá þá svo við að gimbrin varð óð-blæsma og linnti ekki látum við hrúttinn allt kvöldið.

Þegar stúlkan sá hvernig við brá, en af henni sjálfri hvarf strax ástríðan, gekk hún svo hart að manninum að segja sér hver þröð hann hefði ætlað að hafa að hann játaði henni að hann hefði haft blý-plötu með áristum galdrastaf undir tungurótunum og þannig útbúinn kysst hana til þess að geta náð hylli hennar.

Það er frá því sagt um suðurferðamann einn að það var venja hans þar sem hann gisti á bæjum, að gefa fólki bita af nesti sínu. Eitt sinn gistir hann á einum bæ og gerir sem hann er vanur; meðal annars gefur hann laglegri stúlku sem þar er dálitla brauðköku.

Hún tók feginsamlega við kökunni, en í laumi brytjar hún hana alla niður og gefur tók sem þar er á heimilinu. Nú er háttað, en um það bil sem fólk er sofnað kemur tíkin að rúmi ferðamannsins og sækir á að komast upp í rúmið til hans; gengur svo alla nóttina. Um morguninn snemma hafði hann sig á stað og segir ekki meira af honum.

(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar)



Mynd Birna Viðarsdóttir.

Úr dýraríkinu

Þula fær horn

Ærin Þula á Norður-Hvoli, eign þeirra fjárbænda, Birnu Viðarsdóttur og Einars Magnússonar, fékk horn á höfuð sitt á nýliðnum vetri. Þetta horn kom á vinstri kjálkanum eins og myndin sýnir.

Það var upp úr áramótum í vetur, að sögn Birnu, sem fór að bera á einhverri breytingu á kjálkanum á henni, héldu þau fyrst að þetta væri kýli og stungu á því, en ekkert kom úr því.

Þetta bara óx og óx og var í lokin orðið um 10 cm.

Birna sendi Gunnari dýralækni mynd af fyrirbærinu sem hann sagðist skyldi taka þegar ærin væri borin. Ekki væri hættandi á það fyr vegna lambanna út af deyfingunni. Svo þegar Gunnar kom að taka fyrirbærið var komið ekta beinslíður utan um. Aldrei kvaðst Gunnar hafa séð svona fyrirbæri áður.

Já, þau eru mörg furðuverk náttúrunnar. Lesendur mega gjarnan senda okkar frásagnir af einhverju óvenjulegu í dýraríkinu.

E

Hollráð og heilræði



Þeim sem langar að fá sér orf og ljá og slá upp á gamla mátann, skal bent á að innlend orf úr tré fást í Líflandi, Lynghálsi 3, sími 540 1125 einnig fást þar norskir ljáir. Þetta kostar um 14 þús. settið. E.



Íþróttahátíð HSK og USVS

Íþróttahátíð HSK var haldin í Vík s.l. laugardag (23. júní) í samstarfi við USVS. Þetta var í fyrsta sinn sem héraðsmót HSK er haldið utan sambandssvæðisins. Keppt var í flokkum 14 ára og yngri í frjálsum íþróttum og íþróttum fatlaðra. Keppendur voru u.þ.b. 100 talsins þ.e. í kringum 80 frá HSK og 20 frá USVS. Keppnin tókst vel í alla staði þrátt fyrir stífan vind og moldrok sem gerði keppendum erfitt fyrir.

Um kvöldið var fyrirhuguð kvöldvaka en var henni frestað þar sem keppendur voru bæði sólbrunnir og þreyttir eftir veðurbarninginn.

Myndir: Jónas Erl. Texti af www.vik.is